

Atli Geir Júlíusson
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Grindavíkurbær.

Garðabær, 13. október 2023
Málsnúmer: 202310-0023
IAS

Efni: Framkvæmdaleyfi við Þorbjörn – beiðni um umsögn

Vísað er í tölvubréf frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Grindavíkur, dags. 12. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna framkvæmdaleyfis við Þorbjörn.

Fyrirhugað er að laga bílastæði, gera áningarstaði og leggja göngustíg yfir hraunið vestan við Þorbjörn í Grindavík. Framkvæmdirnar eru í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag og gaf Náttúrufræðistofnun Íslands umsögn um deiliskipulagið þann 9. janúar síðastliðinn.

Framkvæmdirnar eru innan svæða á náttúruminjaskrá og að hluta á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdalýsingu og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar eins og þeim er lýst. Með því að slétta hraun eingöngu í stígbreidd má halda raski í lágmarki en gæta þarf vel að því að við framkvæmdirnar berist ekki framandi ágengar tegundir (t.d. lúpína) inn í hraunið.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

